

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 7. apríl 2021.

Umsögn Fræðslu og forvarna (FRÆ) um stjórnarfrumvarp til laga um félög til almannaheilla, þingskjal 1030, 603. mál lagt fram á 151. löggjafarþingi 2020–2021.

Stjórn Fræðslu og forvarna hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt og tekur heilshugar undir meginefni þess og tilgang og að setja skuli loks samræmd heildarlög um félagasamtök sem starfa að almannaheillum.

Með lögum af þessum toga verða félagasamtök til almannaheilla aðgreind frá öðrum félagasamtökum, sérstada þeirra skilgreind og þau skráð sérstaklega hjá fyrirtækjaskrá. Yfirsýn um starfsemi þeirra mun þar af leiðandi batna til muna sem stuðla mun að almennu trausti í þeirra garð, þeirra á milli og gagnvart stjórnvöldum. Í frumvarpinu felast einnig hagnýtar leiðbeiningar um stofnun og rekstur almannaheillafélaga þar sem vandaðir stjórnarhættir, lýðræðisleg vinnubrögð og ábyrgur rekstur eru höfð að leiðarljósi.

Félagasamtök gegna veigamiklu og mikilvægu hlutverki til viðhalds og eflingar virku lýðræði og eru nauðsynlegur farvegur nýrra hugmynda, umbóta og samfélagsrýni. Þau þurfa því nauðsynlegt svigrúm og athafnarými. Löggjöf um þau má ekki fela í sér íþyngjandi skorður um stofnun og innra skipulag. Ekki verður séð að frumvarpið feli slíkt í sér.

Félagasamtök hafa með höndum fjölþætt og umfangsmikil verkefni í þágu lands og lýðs og starfa á mörgum sviðum samhliða opinberum aðilum, ríki og sveitarfélögum. Mörg þeirra (jafnvel flest) fá greiðslur eða styrki af ýmsum toga frá ríki og sveitarfélögum til þess að sinna almannaheillastarfi og/eða eru í samstarfi við stjórnvöld um slíkt starf. Af því leiða ýmis fjármálaleg samskipti hins opinbera og félagasamtaka.

Það er því í þágu beggja að fyrir hendi séu viðmið um góða stjórnarhætti og reglur um lágmarksskilyrði um uppbyggingu almannaheillasamtaka og lykilþætti í rekstri, s.s. bókhald, ársreikninga, skuldbindingarhæfi, ábyrgð stjórnar á fjárreiðum, skaðabótaábyrgð og vanhæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

Virðingarfyllst.

F.h. stjórnar FRÆ, Fræðslu og forvarna,



Árni Einarsson, framkvæmdastjóri

Þekking í þágu forvarna